

FRAMMISTÖÐUMAT

Nú fer að líða að lokum 1. annar með uppgjöri á vinnu nemenda á önninni. Síðasta skólaár var frammistöðumat skólans endurskoðað og því breytt. Makmiðið með þessum breytingum var að einfalda matið, gera það skýrara, tengja það við uppbyggingastefnuna og stefnu skólans. Þessar breytingar voru kynntar á fundi sem haldinn var fyrir foreldra í Óðali þann 7. október.

Við leggjum áherslu á að meta frammistöðu eða framfarir með hliðsjón af markmiðum skólans miðað við þann nemanda sem um ræðir. Í skólanámskránni okkar koma fram skilgreiningar á þeim þáttum sem við leggjum til grundvallar við matið:

Sjálfstæði og ábyrgð

Nemandi:

- ✓ Sýnir áhuga og tekur frumkvæði
- ✓ Tekur ábyrgð á námi sínu
- ✓ Vinnur sjálfstætt
- ✓ Vandar vinnubrögð

Virðing og samhugur

Nemandi:

- ✓ Ber virðingu fyrir umhverfi sínu
- ✓ Sýnir samstarfshæfni / ber virðingu f.
 - ✓ Skólafélögum
 - ✓ Starfsfólki

Nemendur í 3. – 10. bekk eru virkir í matinu og meta sig sjálfir í hverjum þætti matsins. Nemendur og foreldrar geta (og eiga) að vera búnir að kynna sér niðurstöður matsins (í Mentor) áður en þeir mæta í foreldraviðtalið sem verður mánudaginn 16. nóvember. Foreldraviðtalið mun svo að stærstum hluta snúast um að meta styrkleika nemandans og þá þætti sem betur mega fara hjá honum. Í lok viðtalsins munu nemendur, foreldrar og umsjónarkennarar gera með sér samkomulag um áhersluþætti í námi nemandans sem verða endurskoðaðir í næsta foreldraviðtali.

Ef foreldrar lenda í vandræðum eða þurfa aðstoð við innskráningu eða matið sjálft geta þeir haft samband við Hilmar aðstoðarskólastjóra , hilmara@grunnborg.is og vs 4371208.

Frammistöðumarkmið

	✓	○	✗
Frammistöðumarkmið			
Sjálfstæði og ábyrgð			
-Sýnir áhuga og frumkvæði	Hefur náð tökum á settu markmiði Sýnir áhuga, kemur sér af stað í vinnu og er virkur í tímum	Þarf að vinna betur að settu markmiði	Hefur ekki náð settu markmiði Er áhugalítill, vinnur illa og er óvirkur í tímum
-Vinnur sjálfstætt	Vinnur sjálfstætt (eftir fyrirætlun) og/eða kemur með eigin útfærslur verkefna		Er ósjálfstæður í vinnubrögðum og kemur sjaldan með eigin útfærslu verkefna
-Tekur ábyrgð á námi sínu	Vinnur verkefni sín af dagnaði og þrautseigju		Vandar ekki til verka og skortir úthald
-Vinnubrögð	Vandar frágang og skipulag verkefna		Þarf að vanda vinnubrögð og halda betur utan um gögn
Virðing og samhugur			
-Virðing f. umhverfi	Gengur vel um, þ.m.t gögn og búnað skólans		Gengur illa um
-Samstarf(shæfni)/virðing f.	Er kurtteis og tillitsamur í samskiptum		Er ókurtteis og tillitlaus í samskiptum
✓ Skólaf.(élogum)			
✓ Starfsf.(ólki)			